

## Fundur í stjórn foreldrafélagsins 3. nóvember 2010.

### Mættir voru:

Ásdís, Erla Rán, Vaka, Sigríður og Hildur Hermansdóttir (bekkjarfulltrúi)

### **Farið yfir stöðu mála:**

Búið að senda kennitölur mæðra í bankann og koma greiðslubeiðnir fljótlega inn í heimabankann.

Rætt um stöðu bekkjarfulltrúa og hvernig staðan sé á þeim málum. Vaka ætlar að ath. málið og koma því á skrið ef ekkert er að gerast.

Foreldrafélagið keypti notað fótboltaspil og gaf skólanum í október. Hugmyndir uppi um að kaupa bingó fyrir skólann. Erla Rán tók að sér að ath. verð á bingóum og hvort skólanum vanti ekki bingó. Einnig var ákveðið að koma beiðni til nemendaráðs um að þau komi með óskir um hvað vanti í skólann.

### **Mötuneyti:**

foreldrafélagið ætlar að skoða stöðu mötuneytismála.

### **Fundartími:**

Ákveðið var að funda alltaf annan mánudag hvers mánaðar kl. 17.30 í Naustaskóla